

Hafnarfirði 27.8.2022

Menningarsvið Kópavogsbæjar
Forstöðukona Gerðarsafnjs

Efni: Teikningar af altaristöflu eftir Gerði Helgadóttur.

Ég hef fengið leyfi hjá Kópavogsbæ og Gerðarsafni að bjóða kirkjum landsins sem ekki eru með altaristöflu að setja upp altaristöflu eftir einhverri teikningu sem Gerður gerði fyrir Kópavogskirkju en var hafnað. Ég hef þegar boðið Vídalínskirkju úi Garðabæ upp á þennan möguleika en eftir margra mánaða umhugsunartíma sá safnaðarstjórn kirkjunnar sér ekki fært að svo komnu máli að fara í framkvæmd á altaristöflu í kirkjunni. Áður en ég býð öðrum kirkjum teikningarnar óska ég eftir að eftirfarandi hugmynd verði tekin til umræðu í bæjarstjórn Kópavogs sem allra fyrst og ég látinn vita strax á eftir.

Þegar teikningar Gerðar af altaristöflu í Kópavogskirkju litu dagsins ljós fyrir Kópavogsbúum ekki fyrir svo löngu hafa margir lýst þeirri skoðun sinni að betur hefði farið ef einhver þeirra hefði verið valin við gerð altaristöflu í kirkjunni. Úr því sem komið er verður þó ekkert af slíku. Í stað þess að setja upp altaristöflu innandyrna eftir einni teikningu Gerðar væri hægt að setja upp mósaíkmynd eftir einni af teikningunni utan á kirkjuna. Það eru fordæmi fyrir því, bæði hérlandis og erlendis að setja mósaíkmyndir upp utan á byggingar. Í því sambandi er nærtakast að nefna mósaíkmyndina framan á tollstöðinni sem einmitt er eftir Gerði. Í því sambandi er einnig rétt að geta þess að þegar sú bygging var reist var ekki gert ráð fyrir mósaíkmynd framan á henni en ég leyfi mér að fullyrða að flestir séu sammála um að mikil þrýði sé af henni. Ég sé fyrir mér að mósaíkmyndin gæti verið á austurhlið kirkjunnar þar sem krossinn er en a.m.k. ein af teikningum Gerðar er með krossi. Með góðri lýsingu á framhliðinni mundi myndin njóta sín allan ársins hring. Ég tel einnig að hún mundi draga marga að kirkjunni til að virða myndina fyrir sér.

Ég óska þess einnig að tekið verði til athugunar ef þessari hugmynd verður hafnað, að Kópavogsbær kanni möguleika á að láta setja upp mósaíkmynd eftir einni af teikningum Gerðar að altaristöflu í Kópavogskirkju í annarri kirkju í bænum eða annarri stofnun.

Ég óska eftir svari sem allra fyrst.

Kær kveðja,
Jón Snorrason
Norðurvangi 17
220 Hafnarfirði

P.S. Ég er bróðursonur Gerðar Helgadóttur